

HVERFISRÁÐ HÁALEITIS- OG BÚSTAÐAHVERFIS

Ár 2016, mánudaginn 18. janúar kl. 15:50, var haldinn 140. fundur hverfisráðs Háaleitis og Bústaða. Fundurinn var haldinn í Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis, Efstaleiti 1. Viðstödd voru: Dóra Magnúsdóttir, Hörður J. Oddfríðarson, Elín Oddný Sigurðardóttir, Sigurður Eggertsson, Hjalti Sigurðarson (varam. Elínóru) og Snorri Þorvaldsson áheyrnarfulltrúi. Starfsmenn og aðrir sem sátu fundinn: Valgerður Solveig Pálsdóttir frá Íbúasamtökum Háaleitishverfis, Bergný Sævarsdóttir frá Íbúasamtökum Bústaða og Fossvogs, Sigtryggur Jónsson framkvæmdastjóri og Helga Margrét Guðmundsdóttir, verkefnastjóri þekkingarmiðstöðvar í ÞLH sem ritaði fundargerð. Gestir fundarins voru fulltrúar úr ungmennaráði Laugardals-Háaleitis og Bústaða undir 1. lið, þau Daníel Einarsson, Ása Kristín Einarisdóttir og Sif Brynjarsdóttir. Hjálmar Sveinsson og Borghildur Sturludóttir voru gestir fundarins undir 2. og 3. lið fundarins.

Þetta gerðist:

1. Ungmennaráð ÞLH. Samkvæmt fundargerð 23. nóvember 2015 var ákveðið að hverfisráð myndi bjóða Ungmennaráði Laugardals og Háaleitishverfis á janúarfund ráðsins 18. janúar 2016. Umræður fóru fram um samstarf ungmennaráðs og hverfisráðs og hvatt til þess að fulltrúi ungmennaráðs sitji fundi hverfisráðs. Gestirnir tóku vel í það.
 - kl. 16:15 Hjálmar og Borghildur taka sæti á fundinum.
 - kl. 16:20 Daníel, Ása og Sif víkja af fundi.
2. Uppbygging á RÚV-reit. Bréf dagsett 22. desember 2015 með verkefnalýsingu vegna fyrirhugaðra breytinga á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 vegna uppbyggingar á RÚV-reit, milli Listabrautar og Bústaðavegar lögð fram til kynningar og umsagnar ráðsins.
 - Kl. 16:56 Sigurður Eggertsson víkur af fundi.

Hverfisráð fagnar uppbygginu á RÚV-reitnum en leggur mikla áherslu á mikilvægi umferðaröryggis vegna aukins fjölda íbúða í hverfinu og að hugað verði að innviðum hverfisins svo sem leik – og grunnskólum. Sömuleiðis leggur ráðið áherslu á blandaða byggð ásamt uppbyggingu leiguíbúða.
3. Fossvogsvegur (Vigdísarlundur) Lagt fram bréf dagsett 5. janúar 2016 til hverfisráðs. Lögð fram lýsing dags. 28. október vegna deiliskipulags svæðis í vestanverðum Fossvogi sem afmarkast af Fossvogsvegi, Árlandi og göngustígum. Einnig lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 2. nóv. 2015.
 - Kl. 17:30 Hjálmar og Borghildur víkja af fundi.

Hverfisráð fagnar því að horfið hefur verið frá áformum um byggingu Hjallastefnuskólans á þessum reit og er sátt við að nýta reitinn í samræmi við ofangreinda lýsingu.
4. Borgarstjóri verður í hverfinu síðustu vikuna í janúar, 25. - 29. janúar 2016. Hann flytur starfsaðstöðu sína í Þjónustumiðstöðina í Efstaleiti 1. Hann mun heimsækja starfsstöðvar borgarinnar, stofnanir, íþróttafélög, fyrirtæki og foreldrafélög í hverfinu. Íbúafundur vegna hverfisskipulagsins verður haldinn miðvikudaginn 27. janúar.
5. Fræðslufundur um aukna virkni og fræðslu fyrir foreldra af erlendum uppruna í Háaleitisskóla, Breiðagerðisskóla og Fossvogsskóla verður haldinn í hátíðarsal Breiðagerðisskóla kl.19:30 þann 26. janúar 2016. Hverfisráð fagnar þessu framtaki foreldra.

6. Lýðheilsuvæðing í hverfum borgarinnar. Sigtryggur sagði frá markmiðum borgarinnar um heilsueflandi borg.
7. Dóra kynnir hugmyndir að stefnumiðum hverfisráða.
8. Hverfisráð felur framkvæmdastjóra að leita eftir stöðu verkefna sem kosin voru í Betri hverfi verkefninu 2015.

Fundi slitið kl. 18:45

Dóra Magnúsdóttir (Sign)

Hörður J. Oddfríðarson (Sign)
Sigurður Eggertsson (Sign)

Elín Oddný Sigurðardóttir (Sign)
Hjalti Sigurðsson (Sign)